

# Frumvarp til laga

## um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

### 1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „66,15 kr.“ í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: 70,78 kr.

### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 9. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „213,51 kr.“ í 1. tölul. kemur: 228,46 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „2,52 kr.“ í 2. tölul. kemur: 2,70 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „7,64 kr.“ í 3. tölul. kemur: 8,17 kr.

### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 10. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „268,20 kr.“ í 1. tölul. kemur: 286,97 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „13,40 kr.“ í 2. tölul. kemur 14,34 kr.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til tvenns konar breytingar í samræmi við forsendur í tekju-áætlun fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2005. Annars vegar er lagt til að áfengisgjald á sterku víni hækki um 7%. Hins vegar er lagt til að tóbaksgjald hækki um 7%. Reikna má með að smásöluverð á sterku víni hækki um u.þ.b. 5,6% og verð á tóbaki um 3,7% að jafnaði. Gert er ráð fyrir því að tekjuauki ríkissjóðs vegna þessara hækkana nemi allt að 340 millj. kr. á ársgrundvelli og áætluð áhrif á vísitölu neysluverðs eru talin verða um 0,08%.

Þar sem áfengisgjald og tóbaksgjald hafa ekki hækkað síðan í lok nóvember 2002 er ljóst að þróun þeirra gjalda hefur ekki verið í samræmi við almennt verðlag og í raun hafa þau lækkað að raungildi. Tillaga um hækkun nú er í samræmi við þróun almenns verðlags á síðustu árum en almenn vísitala neysluverðs hefur hækkað um u.þ.b. 7% frá því að þessi gjöld hækkuðu síðast. Í frumvarpinu er þó lagt til að áfengisgjald léttra vína og bjórs verði óbreytt, en það hefur ekki breyst síðan 1998.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er lagt til að áfengisgjald á sterkum vínnum verði hækkað um 4,63 kr. á hvern sentilítra af vínanda, eða um 7%.

Um 2. gr.

Hér er lögð til 7% hækkun á tóbaksgjaldi fyrir allar tegundir tóbaks, þ.e. vindlinga, nef-tóbak og aðrar tegundir tóbaks.

Um 3. gr.

Til samræmis við breytingar sem lagðar eru til í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að gjald af tóbaki sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota hækki sam-svarandi, eða um 7%.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,  
fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 96/1995,  
um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.**

Í frumvarpinu er lagt til að áfengisgjald á sterku víni og tóbaksgjald hækki um 7% til sam-ræmis við almennar verðlagsbreytingar frá því gjöldin voru síðast hækkuð í nóvember 2002. Áfengisgjald léttra vína og bjórs verði hins vegar óbreytt. Áætlað er að hækkun gjaldanna auki tekjur ríkissjóðs um allt að 340 m.kr. á ársgrundvelli. Frumvarpið beinist þannig einkum að tekjuhlið ríkissjóðs og er ekki talið að það hafi áhrif á útgjöld svo að nokkru nemi verði það óbreytt að lögum.